

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður verða bannaðar á Smiðjustíg milli Hverfisgötu og Lindargötu, báðum megin götunnar.
2. Stöðvunarskylda verður á Skeiðarvogi gagnvart umferð um Suðurlandsbraut.
3. Vesturberg verður aðalbraut, þó þannig, að á gatnamótum við Norðurfell og Suðurhóla gildir almennur umferðarréttur.

Framangreindar reglur taka gildi 1. ágúst 1972.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 11. júlí 1972.

Sigurjón Sigurðsson.

21. september 1972.

Nr. 263.

AUGLÝSING

um skipulag í Miklaholtshreppi í Snæfellsnessýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Miklaholtshrepps í Snæfellsnessýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

4. október 1972.

Nr. 264.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. október 1972.

Með skírskotun til laga nr. 72/28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið frá 1. júní til 31. október 1972.

Vélskelflett rækja:

1 × 25 lbs. sérfryst, cif £ 0.54 pr. lb.
Verðbil verði 2%.

Verðgrundvöllur þessi kemur í stað verðgrundvallar, sem staðfestur var af ráðuneytinu 24. maí s. l.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. október 1972.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.